

## AUGLÝSING um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

**1. Breyting á deiliskipulagi spildu úr landi Pingdals.**

Í breytingunni er gert ráð fyrir einu um 11,7 ha landbúnaðarlandi (lögbýli) og 9 stórum frístundahúsalóðum á um 48,4 ha svæði þar sem heimilt verður að reisa frístundahús, gestahús og hesthús ásamt verkfærageymslu á hverri lóð.

Samþykkt í sveitarstjórn 5. desember 2012.

Samsvarandi breyting á deiliskipulagi var samþykkt í sveitarstjórn 2. nóvember 2011 og birtist auglýsing um gildistöku hennar í B-deild Stjórnartíðinda nr. 489 7. júní 2012. Sú breyting er ekki í gildi þar sem það liðu meira en þrír mánuðir frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar og þar til auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.

**2. Deiliskipulag 10 ha spildu umhverfis bæjartorfu Dalbæjar.**

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir tveimur byggingarreitum, annars vegar fyrir allt að 180 m<sup>2</sup> íbúðarhúsi og hins vegar fyrir allt að 1.000 m<sup>2</sup> hesthúsi.

Samþykkt í sveitarstjórn 5. desember 2012.

Samsvarandi deiliskipulag var samþykkt í sveitarstjórn 7. desember 2011 og birtist auglýsing um gildistöku þess í B-deild Stjórnartíðinda nr. 489 7. júní 2012. Það deiliskipulag er ekki í gildi þar sem það liðu meira en þrír mánuðir frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar og þar til auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.

**3. Deiliskipulag fyrir Skálmholt.**

Skipulagssvæðið nær yfir 8 ha svæði í landi Skálmholti þar sem fyrirhuguð er uppbygging á gripa- og útihúsum, vélahúsum og starfsmanna- og þjónustuhúsi.

Samþykkt í sveitarstjórn 5. desember 2012.

Samsvarandi deiliskipulag var samþykkt í sveitarstjórn 4. apríl 2012 og birtist auglýsing um gildistöku þess í B-deild Stjórnartíðinda nr. 794 3. október 2012. Það deiliskipulag er ekki í gildi þar sem það liðu meira en þrír mánuðir frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar og þar til auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.

**4. Deiliskipulag fyrir spildu úr landi Neistastaða.**

Í deiliskipulaginu felst að mörkuð er 6,86 ha lóð og byggingarreitur fyrir allt að 400 m<sup>2</sup> íbúðarhús og allt að 1.000 m<sup>2</sup> bílskúr og hesthús.

Samþykkt í sveitarstjórn 5. desember 2012.

Samsvarandi deiliskipulag var samþykkt í sveitarstjórn 2. febrúar 2011 og birtist auglýsing um gildistöku þess í B-deild Stjórnartíðinda nr. 713 18. júlí 2011. Það deiliskipulag er ekki í gildi þar sem það liðu meira en þrír mánuðir frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar og þar til auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 2. maí 2013.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

**Pétur Ingi Haraldsson.**